

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 148/1992.

Ingibjörg Helga Óskarsdóttir

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

Sigurði Valdimarssyni og

Porkeli Valdimarssyni og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

til réttargæslu

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabótamál. Fasteign. Örorka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1992 og gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér 2.262.460 krónur ásamt „vegna meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á hverjum tíma skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989“, af 2.211.514 krónum frá 18. janúar 1988 til 11. ágúst s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 2.243.685 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 1991 og af 2.262.460 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Réttargæslustefndi hefur ekki uppi kröfur í málinu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Stefnda Sigríður Valdimarsdóttir lést 7. apríl 1994. Tók dánarbú hennar þá við aðild málsins, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en einkaskiptum í dánarbúinu lauk 2. september 1994. Einu erfingjar í dánarbúinu voru meðstefndu.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur sú breyting orðið á stéttinni

meðfram framhlið hússins nr. 17 við Austurstræti, að marmarinn hefur verið fjarlægður af stéttinni, hitalögn komið fyrir undir henni og yfirborð hennar steinsteyppt. Þessar aðgerðir stuðla að því, að stéttin verði ekki lengur hálli í vetrarfærð en göngugatan meðfram henni.

Umrædd stétt mun hafa verið rúmlega einn metri á breidd og í sömu hæð og göngugatan, þar sem hún liggur meðfram stéttinni og fast upp að henni. Á ytra borði greindi það eitt að göngugötuna og stéttina, áður en henni var breytt í núverandi horf, að gatan var lögð steinsteypum gangstéttarhellum, en stéttin marmaraplötum. Þegar lausamjöll þakti allt svæðið, eins og gerst hafði að morgni 18. janúar 1988, er áfrýjandi átti þar leið um, var þessi munur á yfirborði göngugötunnar og stéttarinnar hulinn. Jafnframt hafði lausamjöllin valdið þeim mun á yfirborði þessara göngusvæða, að stéttin var mun hálli en gatan. Það hlaut því að vera undir hælinn lagt, hvort vegfarendur um svæðið vöruðust hina sérstöku slysahettu, sem þar leyndist á almennri gönguleið og víst má telja, að verið hafi veruleg. Engra haldbærra gagna nýtur í málinu um það, að hvaða marki það kunni að hafa dregið úr hálfu á stéttinni, að nýjar marmaraplötur, sem komu í stað brotinnar, voru sýrubornar. Eigi verður séð, að aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar í því skyni að draga úr umræddri slysahettu.

Óvefengt er, að slysið hafi orðið með þeim atvikum, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Verður það því gagnert rakið til hinnar varhugaverðu aðstöðu á slysstað, sem að framan er lýst. Með skírskotun til þessa ber að leggja á stefndu fébótaábyrgð á slysinu. Í gögn-um málsins um atvik að slysinu kemur ekkert fram, sem bendir til þess, að við áfrýjanda sé um slysið að sakast. Eru því ekki efni til að takmarka bótarétt hennar á hendur stefndu.

Áfrýjandi sundurliðar fjárhæð bótakröfu sinnar þannig:

1. Atvinnutjón í fjóra mánuði	kr.	221.104
2. Örorkutjón	–	1.553.039
3. Töpuð lífeyrisréttindi	–	106.008
4. Miski	–	306.388
5. Útlagður kostnaður	–	75.921
		<hr/>
	Kr.	2.262.460

Um 1.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom það fram, að áfrýjandi hefði haldið óskertum launum, meðan hún var óvinnufær eftir slysið. Þessi kröfuliður á því engan rétt á sér.

Um 2. og 3.

Meiðslum áfrýjanda af völdum slyssins og afleiðingum þeirra er ýtarlega lýst í örorkumati tryggingayfirlæknis 9. febrúar 1989. Þar segir m. a.:

... . hún fékk samfallsbrot á tvo hryggjarliði, Th. XII. og L-I. Alveg óvinnufær vegna nefnds slyss er slasaða talin hafa verið í tvo mánuði. Eftir það var starfsgeta verulega skert í aðra tvo mánuði og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða. . . .

Við objectiva skoðun greinast engin neurologísk brottfallseinkenni frá fótlimum slösuðu. Þannig eru taugaviðbrögð jöfn og að því er virðist eðlileg. Engin merki eru um skerta blóðrás til ganglima eða vöðvarýrnanir. Hreyfingar í ganglimum eru innan eðlilegra marka og Laseque neikvæður báðum megin. Við skoðun á hrygg kemur fram mikil kyphosa á brjósthluta hryggjar. Slasaða fixerar við hliðarsveigjur á lumbosacralsvæði hryggjar meira við sveigju til hægri. Áberandi myosur eru paravertebralt alveg frá herðablöðum og niður á sacralsvæði. Þessar myosur eru nokkuð jafnar báðum megin. Um það bil fimm cm vantar á að fingurgómar nemi við gólf í fullri frambyggju með bein hné.

. . . Fyrir var slasaða með nokkra kyphosu (kryppu) á brjósthluta hryggjar, en fann ekki mikið til óþæginda frá baki fyrr en eftir nefnt slys. Slasaða á nú bággt með alla raun á bakið, t. d. á hún bággt með að vinna lotin en einnig á hún bággt með að bera í höndum. Þá eru snúningshreyfingar sárar og valda verkjum.

Þessi takmörkun á álagsgetu hryggjar veldur slösuðu verulegum erfiðleikum í starfi sem hjúkrunarfræðingi. Hún á nú bággt með að sinna sjúklingum í lotinni stöðu og einnig á hún bággt með að lyfta sjúklingum en slíkt þurfa hjúkrunarfræðingar að sjálfsgöðu oft að gera í störfum sínum. Ekki er von að úr rætist, fremur að einkenni kunni að aukast með hækkuðum aldri. Þó verður tíminn að leiða í ljós hvað úr verður. . . .“

Varanleg örorka áfrýjanda af völdum slyssins er metin 15%.

Áfrýjandi gaf aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 25. nóvember 1991. Þar greinir hún frá því, að hún hafi verið mjög slæm í baki og haft mikla verki, er hún hóf aftur störf eftir slysið. Áfrýjandi hafði áður unnið á legudeild, en kveðst eingöngu hafa getað starfað á dagdeild eftir slysið. Mikill stirðleiki í baki hái henni við snúninga og ýmsar hreyfingar. Kveðst hún ekki geta lyft neinu fyrir verkjum. Hún fái einnig verki í bakið, þegar hún sé þreytt. Áfrýjandi kveðst mjög lýtt á baki, sem hafi bognað mikið eftir slysið, og hún aflagast í vexti.

Í héraðsdómi er getið vottorðs Kristjönu Kjartansdóttur læknis frá 1. júní 1988, þar sem gerð er stutt grein fyrir meiðslum áfrýjanda af völdum slyssins. Í vottorði sama læknis 5. janúar sl. segir m. a.:

„. . . Ingibjörg var gjörsamlega óvinnufær í 2 mánuði. Hefur eftir þetta ekki getað unnið þá vinnu sem hún áður stundaði, hjúkrunarfræðingur á almennri lyflæknisdeild. Fær enn við álag verki í bak. Þarf stöðugt að stunda æfingar til þess að draga úr einkennum og fær fljótt bakverki ef hún tekur sér hvíld frá þeim. Hefur haft aukin óþægindi undanfarnar vikur af bakverkjum vegna aukins álags vegna verkfalls sjúkraliða.“

Áfrýjandi er fædd 15. janúar 1931 og var því nýorðin 57 ára, er hún varð fyrir umræddu slysi. Hún er húsmóðir á þriggja manna heimili, þar sem auk hennar og eiginmanns hennar var, er hún slasaðist, uppkominn sonur þeirra. Áfrýjandi er hjúkrunarfræðingur að mennt. Starfaði hún hjá Reykjavíkurborg 1984 og 1985, en á Landakotsspítala 1986 og 1987.

Hinn 5. apríl 1989 reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út áætlað örorkutjón áfrýjanda á grundvelli 15% varanlegrar örorku. Útreikningurinn er tvíþættur, annars vegar miðaður við heimilisstörf, en hins vegar störf utan heimilis. Eigi er krafist örorkubóta vegna fyrri þáttarins, og kemur hann því ekki til álita. Vegna starfa utan heimilis eru laun þriggja næstu ára fyrir slysið lögð til grundvallar, umreiknuð með tilliti til launabreytinga, sem orðið höfðu. Með því móti námu áætluð árslaun eftir 1989 1.015.715 krónum og höfuðstóll varanlegs örorkutjóns 1.094.843 krónum. Miðað við tap

lífeyrissjóðsréttinda í hlutfalli við tap launatekna nam höfuðstóll þess tjóns 78.519 krónum. Við útreikninga þessa er reiknað með almennum sparissjóðsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir voru á hverjum tíma frá slysdegi til útreikningsdags, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til frambúðar.

Áætlað örorkutjón áfrýjanda var reiknað út að nýju 15. nóvember 1991, en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var lagður fram nýr örorkuútreikningur Guðjóns Hansens frá 9. janúar sl. Í honum er endurskoðuð fyrri áætlun launatekna áfrýjanda vegna hækkunar, sem orðið hafði á launum hennar vegna breytinga á kjarasamningum hjúkrunarfræðinga. Þá er í hinum nýja örorkuútreikningi reiknað með almennum sparissjóðsvöxtum frá slysdegi til hins nýja útreikningsdags. Miðað við þessar breyttu forsendur nema árstekjur, sem lagðar voru til grundvallar við fyrsta útreikninginn, 1.072.991 krónu eftir 1989, en fara síðan árlega hækkandi, uns þær eru komnar í 1.423.572 krónur eftir 1994. Verðmæti höfuðstóls örorkutjóns nemur samkvæmt þessum nýja útreikningi 1.602.833 krónum og höfuðstóll tapaðra lífeyrissjóðsréttinda 108.995 krónum. Nú er reiknað með einföldum vöxtum til útreikningsdags, en vöxtum og vaxtavöxtum eftir það. Að öðru leyti eru forsendur upphaflegs örorkuútreiknings óbreyttar. Kröfugerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti er reist á þessum nýja örorkuútreikningi.

Í málinu nýtur ekki frekari gagna en að framan eru rakin um fjártjón áfrýjanda vegna varanlegrar örorku af völdum slyssins. Af hálfu stefndu er örorkumatið ekki vefengt, en fjárhæðum þessara kröfuliða er mótmælt sem of háum, þar sem koma eigi til lækkunar þeim 5% vegna hagræðis af greiðslu örorkubóta í einu lagi og taka beri fullt tillit til ávinnings áfrýjanda af skattfrelsi örorkubóta.

Pegar allt framanskráð er virt og meðal annars tekið tillit til skattfrelsis örorkubóta, telst tjón áfrýjanda samkvæmt kröfuliðum þessum nema samtals 1.250.000 krónum.

Um 4.

Pegar virt eru meiðsli áfrýjanda og afleiðingar þeirra, þykir tjón hennar vegna miska hæfilega metið 250.000 krónur.

Um 5.

Þessi kröfuliður, sem sætir ekki andmælum, verður tekinn til greina við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda óskipt 1.500.000 krónur (1.250.000 + 250.000) með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að stefndu greiði in solidum 250.000 krónur í málskostnað í héraði, er renni í ríkissjóð, og áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá verið tekið tillit til kostnaðar samkvæmt 5. kröfulið. Ákvörðun héraðsdómara um málsóknarlaun í héraði er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Aðalflutningur málsins í héraði fór fram 25. nóvember 1991. Hinn 16. janúar 1992 var málið tekið fyrir að nýju með eftirfarandi bókun: „Málið er nú flutt að nýju eftir því sem lög og efni standa til.“ Hvorki voru gögn lögð fram né skýring gefin á þessari málsmeðferð.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurður Valdimarsson og Porkell Valdimarsson, greiði in solidum áfrýjanda, Ingibjörgu Helgu Óskarsdóttur, 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 18. janúar 1988 til 9. janúar 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum 250.000 krónur í málskostnað í héraði, er renni í ríkissjóð, og áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Arnjlóts Björnssonar

Stefndu verður ekki metið til sakar, að hitalögn var ekki sett undir marmarahellur á lóðinni fyrir framan Austurstræti 17 fyrr en nokkrum árum eftir slys það, sem hér er deilt um.

Í málinu er komið fram, að áfrýjandi og vitnið Stefanía Gísladótt-

ir voru á leið til vinnu sinnar á Landakotsspítala morguninn, sem slysið varð. Gengu þær vestur gangstéttina fyrir framan verslunarhús stefndu. Segir áfrýjandi, að hún hafi runnið í snjó, sem lá yfir marmarahellunum. Af hálfu stefndu hefur ekki verið vefengt, að áfrýjandi hafi fallið á hellunum, en ekki gangstéttinni sjálfri.

Húsvörður Austurstrætis 17, starfsmaður stefndu, skýrir svo frá, að tvívegis eftir slysið hafi marmarahellur fyrir framan húsið brotnað. Í stað þeirra hafi verið lagðar nýjar hellur, og hafi hellur, sem lagðar voru sumarið 1989, verið sýrubornar að lokinni viðgerð. Ástæðu þess segir húsvörðurinn hafa verið þá, að nýju hellurnar hafi verið sleipari en hinar eldri. Marmarahellur þessar verði grófari og stamari með aldrinum.

Engin sérstök rannsókn fór fram á marmarahellunum eftir slysið. Upplýsingar um ástand þeirra liggja ekki fyrir frá kunnáttumönnum eða hvort telja megi þær verulega hættulegar í snjó eða raka. Þykir því mega leggja til grundvallar mat héraðsdómara, sem fór á vettvang og skoðaði marmarahellurnar. Álit hans er, að marmarahellurnar séu í bleytu og snjó nokkru hálli en steinsteyptar gangstéttarhellur, en þó ekki þannig, að sérstök hættu stafi af þeim fyrir gangandi vegfarendur, ef gætt er eðlilegrar varkárni. Hellurnar voru teknar burt síðar.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af fyrri úrlausnum Hæstaréttar í málum um slys vegfarenda, t. d. dómi 25. apríl 1966 í máli nr. 152/1965, þykir ekki leitt í ljós, að slysið verði rakið til vanbúnaðar fasteignar stefndu eða annarra atvika, sem þeir bera ábyrgð á.

Tel ég, að staðfesta beri héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans og þess, sem nú var rakið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 8. apríl 1991. Málið var þingfest á reglulegu bæjarþingi 18. apríl sama ár. Stefndandi er Ingibjörg Helga Óskarsdóttir, kt. 150131-4729, Álfróslsvegi 153, Kópavogi. Stefndu eru Sigurður Valdimarsson, kt. 170737-3699, Bollagörðum 2, Seltjarnarnesi, Þorkell Valdimarsson, kt. 031032-7769, Bergþórugötu 23, Reykjavík, og Sigríður Valdimarsdóttir, kt. 100640-3689, Freyjugötu 46, Reykjavík, sameigendur fasteignarinnar nr. 17 við Austurstræti í Reykjavík. Jafnframt er Benedikt Sveinssyni, kt. 310738-3879, sem stjórnarformanni Sjóvá-Almennra trygg-

inga hf., kt. 701288-1739, stefnt fyrir hönd félagsins til réttargæslu í máli þessu.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að aðalstefndu verði dæmdir in solidum til að greiða 2.262.460,00 krónur ásamt vagnu meðaltali árs-ávöxtunar á nýjum almennum útlánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á hverjum tíma samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989, af 2.211.514 kr. frá slysdegi 18. janúar 1988 til 11. ágúst 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til 6. apríl 1989, en af 2.243.685 kr. frá þeim degi til 15. nóvember 1991, en af 2.262.460 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar – – –.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., í máli þessu.

Dómkröfur aðalstefndu eru þær, að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins. Í greinargerð sinni kveða aðalstefndu ekki ástæðu til að gera varakröfu um lækun, sem byggð yrði á sakarskiptingu, en kveða aðalkröfuna taka til sýknu að hluta.

Af hálfu réttargæslustefnda er tekið undir sýknukröfu aðalstefndu.

Málavextir.

Atvik máls þessa eru þau, að um kl. 8.30 að morgni 18. janúar 1988 var stefnandi á göngu um Austurstræti í Reykjavík. Hitti hún þar Stefaníu Gísladóttur, kt. 220826-2369, og tóku þær tal saman. Er þeim varð gengið fram hjá versluninni Víði, sem er til húsa á jarðhæð fasteignarinnar nr. 17 við Austurstræti í Reykjavík, skipti engum togum, að stefnandi datt á stéttinni fyrir utan verslunina. Þar hagar svo til, að rösklega eins metra breið rönd meðfram framhlið hússins, sem snýr að Austurstræti, er klædd grænleitur marmara. Stefnandi datt á marmaranum hægra megin við aðalinnangang verslunarinnar.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var kl. 9.00 að morgni greindan dag jörð alþakin jafnfallinni lausamjöll og snjódypt 11 cm. Hiti var mínus tvær gráður á Celsíus, fjögur vindstig á suðsuðvestan og snjóél.

Eftir slysið fékk stefnandi sára verki í mjóbak, sem lagði fram í kvið. Daginn eftir fór stefnandi á slyshadeild Borgarspítalans, þar sem meiðsli hennar voru rannsökuð, en tveimur dögum eftir slysið voru teknar röntgenmyndir af stefnanda á Landakotsspítala. Sýndu röntgenmyndir, sem teknar voru af mjóhrygg, samfall á tveimur hryggjarliðum. Samkvæmt fram lögðu

vottorði heimilislæknis stefnanda, Kristjönu Kjartansdóttur, læknis á heilsgæslustöðinni í Kópavogi, dags. 1. júní 1988, er um að ræða klínísk merki um brot, eymsli yfir hryggjarlið og verki í baki og fram í kvið.

Stefnandi var óvinnufær í tvo mánuði eftir slysið, og starfsgeta hennar var verulega skert í aðra tvo mánuði. Björn Önundarson tryggingalæknir hefur metið örorku stefnanda vegna nefnds slyss, og er mat hans dags. 9. febrúar 1989, dskj. nr. 10. Mat læknirinn örorku stefnanda sem hér segir:

Í tvo mánuði	100%
Í tvo mánuði	50%
Varanleg örorka	15%

Ekki þykir þörf á að rekja efni örorkumatsins frekar, sbr. h-lið 193. gr. I. nr. 85/1936.

Á grundvelli framangreinds örorkumats reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út fjárhagslegt tjón stefnanda 5. apríl 1989, dskj. nr. 18. Síðasti útreikningur tryggingafræðingsins er frá 15. nóvember 1991, dskj. nr. 24. Miðast sá útreikningur við sömu forsendur og hinn fyrri, en í hinum síðari hefur tekjuáætlun verið endurskoðuð með tilliti til almennra launabreytinga, sem urðu umfram það, sem vitað var um við fyrri útreikning. Þá hefur vaxtareikningi verið breytt í hinum síðari útreikningi vegna breytts útreikningsdags. Reiknaðist tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda vegna starfa utan heimilis nema alls 1.611.514 krónum miðað við einfalda almenna sparisjóðsvexti frá slysdagi til útreikningsdags.

Á slysdagi var í gildi svokölluð húseigendatrygging stefndu hjá tryggingafélaginu Sjóvá, nú Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 11. júlí 1988, var tryggingafélagið krafðið um bætur til handa stefnanda vegna slyssins. Var örorkumati og tjónsútreikningi framvísað síðar. Með bréfi, dags. 7. apríl 1989, höfnuðu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. kröfum stefnanda um skaðabætur vegna slyssins, þar sem félagið taldi ekki um bótaskyldu húseigandans að ræða.

Hinn 19. júní 1991 veitti dóms- og kirkjumálaráðuneyti stefnanda gjafsókn.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst reisa bótakröfur sínar á hendur stefndu m. a. á því, að stefndu og/eða þeir aðilar, sem hann beri ábyrgð á, þ. e. rekstraraðilar verslunarinnar Víðis í Austurstræti, hafi eigi gert ráðstafanir til þess að moka eða fjarlægja snjó af gangstéttinni fyrir utan verslunina á slysdaginn. Ráðstafanir, sem hægt hefði verið að gera til að draga úr slyshættu, hefðu hvorki þurft að vera dýrar né erfiðar í framkvæmd. Óstöðugt tíðarfar hér á landi dragi ekki úr skyldum húseigenda til að koma í veg fyrir slys af þessu

tagi, miklu fremur leggi það enn ríkari skyldur á herðar þeim í þessu efni en ella. Stefnandi kveður frumskylduna til að grípa til slíkra ráðstafana hvíla á húseiganda. Útleiga á fasteigninni leysi hann ekki undan þeirri skyldu.

Stefnandi kveðst jafnframt styðja bótakröfu sína því, að stefndu, þ. e. eigendur fasteignarinnar nr. 17 við Austurstræti í Reykjavík, hafi eigi á forsvaranlegan hátt gengið frá gangstétt fyrir utan fasteignina nr. 17 við Austurstræti, þar sem rösklega eins metra breið rönd meðfram versluninni sé klædd marmara, sem verði mjög háll í bleytu og snjó.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að það sé meginregla íslensks skaðabótaréttar, að eigendur fasteigna verði ekki skaðabótaskyldir vegna hálkuslysa, sem verði á lóð viðkomandi fasteignar.

Stefndu kveða enga lagareglu finnast í íslenskum rétti, sem leggi þá skyldu á herðar húseigendum að hreinsa eða moka snjó af stéttum eða götum þeim, er húsin standa við. Slík regla væri óframkvæmanleg hér á landi, ekki síst þegar miðað sé við Suðvesturland, þar sem iðulega skiptist á éljagangur og rigningarskúrir mörgum sinnum á dag vetrarmánuðina. Almennu skaðabótareglunni verði því ekki beitt í máli þessu, meðan engin jákvæð lagaregla hefur verið sett, sem skyldi húseigendur til að halda gangstéttum eða götum við hús sín hálkulausum.

Stefndu telja, að ekki sé unnt að rekja slys stefnanda til saknæmrar hegðunar stefndu. Taka verði tillit til aðstæðna hér á landi, þ. e. hins óstöðuga veðurfars. Þar sem veður sé svo óstöðugt hér á landi sem raun ber vitni, teljist það ekki saknæmt af hálfu húseigenda að moka ekki gangstéttir fyrir framan hús sín, ef snjór þar er ekki meiri en á gangstéttum annars staðar í bænum. Meta verði hér aðstæður eins og þær voru 18. janúar 1988, sérstaklega með tilliti til veðurs.

Hið óstöðuga tíðarfar hér á landi mæli einnig gegn því að leggja hlutlæga ábyrgð á húseigendur vegna slysa, sem verða vegna háлку við eða hjá innangi eða tröppum húsa.

Stefndu kveða það ekki geta talist saknæmt, þótt marmari kunni að vera meðfram fasteign þeirra nr. 17 við Austurstræti. Þar sem jörð hafi verið alþakin 11 cm djúpri, jafnfallinni lausamjöll að morgni slysdags og einnig hafi verið háлка, hafi undirlagið enga þýðingu. Þá kveða stefndu algengt, að marmari sé notaður við inngöngudyr verslana og stofnana og nefna sem dæmi inngang á húsi Eimskipafélags Íslands í Hafnarstræti, pall fyrir fram- an Landssímahúsið í Reykjavík og inngang við Búnaðarbanka Íslands í Austurstræti.

Enda þótt talið sé, að marmarahellur séu hálli en venjulegar steinsteyp-
tar hellur, teljist ekki óforsvaranlegt að nota þær sem gangstéttarhellur fyrir
framan fasteign stefndu.

Forsendur og niðurstaða.

Dómarinn gekk á vettvang og kynnti sér aðstæður.

Ekki hefur verið sýnt fram á þau tengsl stefndu og rekstraraðila
verslunarinnar Víðis, að stefndu geti borið ábyrgð á hugsanlegri vanrækslu
þeirra á umsjón með fasteigninni, enda ekki annað upplýst í málinu en um-
sjón með fasteigninni nr. 17 við Austurstræti hafi verið í höndum stefndu
eða starfsmanns á þeirra vegum.

Samkvæmt fram lögðu vottorði Veðurstofu Íslands, dskj. nr. 3, var kl. 6
að morgni slysdags úrkoma í grennd, en kl. 9 um morguninn og kl. 12 á há-
degi gekk á með snjóéljum. Hitastig greint tímabil var á bilinu $-1,5$ til $-2,9$
stig á Celsíus. Eins og áður hefur komið fram, var jörð alþakin jafnfallinni
lausamjöll kl. 9 um morguninn og snjódypt 11 cm.

Fram hefur komið af hálfu stefnanda, að orsök slyssins hafi ekki verið sú,
að svell eða hálkublettir hafi myndast á margnefndri marmararönd, heldur
hafi 11 cm þykk jafnfallin lausamjöll hulið hana. Umrætt slys varð enda
snemma morguns, áður en vænta má hálkumyndunar af völdum mikillar
umferðar gangandi fólks.

Stefnandi og vitnið Stefanía Gísladóttir hafa borið það hér fyrir réttinum,
að er slysið varð, hafi snjór legið yfir öllu, götum og gangstéttum, m. a.
göngugötunni í Austurstræti svo og marmararönd þeirri, sem er fyrir fram-
an fasteign stefndu. Ekki hefur af hálfu stefnanda verið sýnt fram á, að
meiri snjór hafi legið yfir stétt stefndu en stéttinni í Austurstræti eða öðrum
gangstéttum í borginni.

Með tilliti til þess, er að framan er rakið og eins og veðri var háttað á
slysdag og búast má við á þessum tíma árs hér á landi, verður það eigi talið
sagnæmt af hálfu stefndu að hafa ekki umræddan morgun gert ráðstafanir
til að moka eða fjarlægja á annan hátt snjó af gangstéttinni fyrir framan
verslunina.

Nokkuð er um það, að stéttir við inngöngudyr stofnana og fyrirtækja, þar
sem búist er við umferð gangandi fólks, séu lagðar marmaraflísar. Ljóst
þykir, að marmaraflísar þær, sem eru meðfram framhlið hússins nr. 17 við
Austurstræti, eru í bleytu og snjó nokkru hálli en venjulegar steinsteyp-
tar gangstéttarhellur, en þó ekki svo, að sérstök hætta stafi af þeim fyrir gang-
andi vegfarendur, sé gætt eðlilegrar varkárni. Veður og aðstæður allar á
slysdag gáfu einmitt tilefni til þess, að farið væri varlega. Ósannað er, að

gangandi vegfarendur hafi oftsinnis dottið og slasað sig á marmarastéttinni fyrir framan fasteign stefndu. Notkun stefndu á umræddum marmaraflísu sem efni í stétt fyrir framan fasteign sína þykir því ekki óforsvaranleg. Verður því ekki fallist á það með stefnanda, að fasteign stefndu sé vanbúin að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu verður hvorki talið, að slys stefnanda verði rak-ið til vanrækslu stefndu né til þess, að fasteign þeirra sé svo vanbúin, að á því megi reisa bótaskyldu þeirra. Ekki er fallist á það með stefnanda, að í máli þessu beri að beita reglum um víðtækari bótaábyrgð en leiðir af hinni almennu skaðabótareglu. Niðurstaða máls þessa verður því sú, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Útlagður málskostnaður stefnanda, að fjárhæð 50.946 kr., og þóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigmundar Hannessonar hrl., að fjárhæð 400.000 kr., greiðist úr ríkissjóði. Tekið var tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af lögmannsþóknun.

Dóminn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurður Valdimarsson, Þorkell Valdimarsson og Sigríður Valdimarsdóttir, eru sýkn af kröfum stefnanda, Ingibjargar Helgu Óskarsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður, þ. m. t. þóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigmundar Hannessonar hrl., 400.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.